

Reglur um notendasamninga fyrir fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Hvalfjarðarsveit

Reglur þessar byggja á 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Markmið

Markmið notendasamninga er að auka val einstaklinga og barnafjölskyldna um þjónustuform og fyrirkomulag stuðnings að undangengnu faglegu mati á stuðningsþörf sbr. 6. gr. reglna Hvalfjarðarsveitar um stuðnings- og stoðþjónustu.

Notendasamningur felur í sér að notandi stjórnar því hver veitir aðstoðina, hvenær hún er veitt og hvernig, þannig að best henti honum. Notendasamningar geta verið í formi beingreiðslusamnings, þar sem notandi sér alfarið um starfsmannahald sjálfur, eða þannig að notandi stýrir sjálfur þjónustu við sig þó að þeir sem aðstoði hann séu starfsmenn sveitarfélags.

2. gr. Skilyrði

Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði svo umsókn um notendasamning verði samþykkt:

- Umsækjandi sé með lögheimili í Hvalfjarðarsveit.
- Umsækjandi skal hafa náð 18 ára aldri. Forsjáraðili fatlaðs barns getur sótt um þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir barn sitt, uppfylli það skilyrði reglna þessara.
- Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Þeir sem búa á heimili fyrir fatlað fólk, s.s. í íbúðakjarna eða á sambýli, geta sótt um notendasamning sé stefnt að flutningi í sjálfstæða búsetu. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun og þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á þjónustu í formi notendasamnings.
- Skilyrði fyrir því að notendasamningur sé gerður er að stuðningsþörf umsækjanda nemi að lágmarki 60 tímum á mánuði og að hámarki 392 tímum á mánuði. Notendasamningar ná ekki til næturþjónustu.

3. gr. Inntak notendasamninga og umfang

Notendasamningur felur í sér að umsækjandi stýri sjálfur þeirri aðstoð sem hann þarf skv. mati á stuðningsþörf. Notendasamningur getur verið:

- Samningur um stuðningsþjónustu þar sem notandi stýri sjálfur þjónustu við sig en þeir sem aðstoða hann eru starfsmenn sveitarfélags.
- Beingreiðslusamningur þar sem notandi sér um starfsmannahald sjálfur, ræður aðstoðarfólk og greiðir laun. Umsækjandi fær greidda ákveðna fjárhæð sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á þjónustu á grundvelli mats á stuðningsþörf sbr. 6. gr. reglna þessara. Fjárhæð sem greidd er vegna hvernar klukkustundar er reiknuð af fjármálasviði Hvalfjarðarsveitar.

Eftirtalin þjónusta verður hluti af notendasamningi og fellur þá þjónusta af hálfu félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar niður við gildistöku samnings. Notendasamningur getur náð til stuðnings- og stoðþjónustu eingöngu eða fleiri þjónustupátta með hliðsjón af mati á stuðningsþörfum.

- a) Stuðningsþjónusta, sbr. VII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

- b) Stoðþjónusta, sbr. 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Þá geta aðrir töluliðir 1. mgr. 8. gr. framangreindra laga einnig átt við, eftir því sem við á.
- c) Þjónusta stuðningsfjölskyldna, sbr. 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.
- d) Skammtímadvöl, sbr. 17. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta, heimahjúkrun og akstursþjónusta, eru alla jafna ekki hluti af notendasamningi.

II. kafli

Umsóknir og mat

4. gr.

Umsókn og fylgigögn

Sótt er um notendasamning skv. reglum þessum á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar eða á sérstöku eyðublaði á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að sækja um þjónustu fyrir sína hönd.

Starfsmenn félagsþjónustu gera einnig umsókn í samráði við umsækjanda komi í ljós að þörf sé á stuðningi.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- a) Sjálfsmat.
- b) Örorkumat eða umönnunarmat.
- c) SIS-mat.
- d) Staðfesting á fötlun, s.s. með læknisvottorði.
- e) Upplýsingar úr vanskilaskrá.

5. gr.

Samvinna og ráðgjöf

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar skv. reglum þessum og aðstoða við öflun nauðsynlegra gagna ef þörf er á.

6. gr.

Mat umsókna og afgreiðsla

Uppfylli umsækjandi skilyrði 2. gr. reglna þessara skal leggja mat á stuðningsþörf í samvinnu við umsækjanda samkvæmt matsviðmiðum í reglum Hvalfjarðarsveitar um stuðnings- og stoðþjónustu.

Sé niðurstaða mats að stuðningsþörf sé minni eða meiri en ákvæði um umfang aðstoðar í notendasamningi sbr. 3. gr. reglna þessara ber að synja umsókn um notendasamning.

Sé niðurstaða mats að stuðningsþörf falli innan ákvæðis um umfang aðstoðar sbr. 3. gr. reglna þessara skal meta hvort notendasamningur sé hentugt form til þess að mæta þjónustubörfum umsækjanda.

Við afgreiðslu umsókna skal horft sérstaklega til þeirra umsækjenda sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við á annan hátt með þjónustu af hálfu félagsþjónustu.

Fjölskyldu- og frístundanefnd er heimilt að taka mið af því hvort umsækjandi er á vanskilaskrá við afgreiðslu umsóknar um notendasamning í formi beingreiðslusamnings.

Samþykktar umsóknir um þjónustu í formi notendasamnings raðast eftir forgangsröð hverju sinni. Umsóknum er forgangsraðað með hliðsjón af mati á stuðningsþörf og hvaða afleiðingar töf á stuðningi hafi fyrir umsækjanda sbr. reglur um stuðnings- og stoðþjónustu. Þeir sem eru með sérstakar þarfir og þurfa sérhæfðan stuðning utan hefðbundins vinnutíma kunna að vera í forgangi.

Útfærsla notendasamnings í formi beingreiðslusamnings er ávallt háð fjárhagsáætlun hverju sinni og fara umsóknir til umfjöllunar í Fjölskyldu- og frístundanefnd sem tekur ákvörðun um afgreiðslu umsóknar um beingreiðslusamning skv. reglum þessum.

Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax eða innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi skal upplýstur um áætlaðan biðtíma og hvaða þjónusta geti staðið honum til boða á biðtíma sbr. reglugerð nr. 1035/2018 um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu.

7. gr.

Gildistími umsóknar

Umsókn um notendasamning gildir í 12 mánuði í senn og tekur mið af mati á stuðningsþörf umsækjanda. Ef aðstæður umsækjanda breytast verulega eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma. Umsækjanda er ætíð heimilt að óska eftir endurmati á stuðningsþörf hafi orðið breytingar á færni eða aðstæðum hans.

III. kafli

Framkvæmd notendasamninga

8. gr.

Gerð notendasamnings

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að veita umsækjanda þjónustu í formi notendasamnings skulu umsækjandi og Hvalfjarðarsveit gera með sér samkomulag þar sem fram koma eftirtalin atriði:

- Tilgangur með stuðningi sem útfærður er í notendasamningi.
- Hvernig settum markmiðum skuli náð.
- Hvernig stuðningur skuli veittur.
- Hvaða þjónusta sveitarfélags notendasamningur nær til og hvaða þjónustu ekki.
- Fjöldi vinnustunda sem aðstoðarfólk skal vinna fyrir umsækjanda.
- Fjárhæðir, sé notendasamningur í formi beingreiðslusamnings.
- Gildistími samkomulags.
- Hvernig upplýsingagjöf milli aðila er háttað
- Ákvæði um vanefndir notendasamnings.
- Skilyrði greiðslna.
- Meðferð ágreinings.
- Hafi verið gerð einstaklingsbundin þjónustuáætlun skal hún fylgja með samkomulagi.

Í fyrsta skipti sem notendasamningur er gerður skal gildistími hans vera 3 mánuðir. Alla jafna er gildistími notendasamnings 6 mánuðir en aldrei lengri en 12 mánuðir ef sýnt þykir að aðstæður umsækjanda breytast ekki.

Ef óskað er eftir áframhaldandi þjónustu skal sækja um að nýju 4 vikum áður en notendasamningur rennur út. Skal þá kannað hvernig notendasamningur hefur nýst, hvort framkvæmd hans skili tilætluðum árangri og hvort skilyrðum notendasamnings sé fullnægt. Jafnframt skal endurmeta stuðningsþörf.

9. gr.

Fjárhæðir í beingreiðslusamningum

Þegar notendasamningur er útfærður með beingreiðslusamningi byggir fjármagn á metinni þörf fyrir stuðning í vinnustundum. Greidd fjárhæð vegna hverrar vinnustundar er reiknuð samkvæmt kostnaðarforsendum Hvalfjarðarsveitar. Greiðslur eru greiddar mánaðarlega, fyrir fram fyrir einn mánuð í senn og er þeim ætlað að mæta kostnaði vegna launa aðstoðarfólks. Umsækjandi greiðir annan kostnað sem fellur til vegna beingreiðslusamnings auk þess sem hann skal taka á sig þær skyldur sem uppfylla þarf varðandi umsýslu beingreiðslusamnings. Óheimilt er að reikna umsýslukostnað inn í samningsfjárhæð beingreiðslusamnings.

10. gr.

Ráðstöfun vinnustunda

Umsækjandi ber ábyrgð á að ráðstafa vinnustundum í samræmi við mat á stuðningsþörf og samkomulag um vinnustundir sbr. 6. og 8. gr. reglna þessara. Skulu vinnustundir að jafnaði nýttar í hverjum mánuði. Umsækjanda er heimilt að færa til vinnustundir milli mánaða innan almanaksársins til þess að mæta breytilegum stuðningsþörfum. Ef uppsafnaðar vinnustundir nema mánaðarlegum fjölda vinnustunda samkvæmt notendasamningi skal umsækjandi upplýsa sveitarfélagið og veita viðhlítandi skýringar.

Það sama gildir um beingreiðslusamninga. Umsækjandi skal nýta hverja mánaðargreiðslu í þeim mánuði sem hún er greidd. Ef fullnægjandi skýringar hafa ekki verið veittar á uppsöfnuðum fjölda vinnustunda og greiðslna er Hvalfjarðarsveit heimilt að endurkrefja umsækjanda um fjárhæðina.

11. gr.

Ráðning aðstoðarfólks

Umsækjandi skal leita að aðstoðarfólki og ber hann ábyrgð á ráðningu aðstoðarfólks og aðra vinnuveitendaábyrgð þegar um beingreiðslusamning er að ræða.

Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir að aðstoðarfólk sé maki, sambýlismaður/sambýliskona eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda. Heimilt er að veita undanþágu í þeim tilvikum þar sem sýnt hefur verið fram á að ættingi sé best til þess fallinn að veita stuðninginn og að tryggt sé að sannanlega sé um að ræða vilja umsækjanda.

Um kaup og kjör þess starfsfólks sem ráðið er til að sinna þjónustunni fer samkvæmt þeim samningi sem til grundvallar er lagður og almennum reglum vinnuréttar.

12. gr.

Breytingar á aðstæðum notanda

Notandi skal tilkynna félagsþjónustu tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem varðað geta framkvæmd notendasamnings, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili sem og um flutning lögheimilis.

Breytingar á aðstæðum notanda geta leitt til endurmats á stuðningsþörf hvort sem er vegna aukinnar eða minnkaðrar stuðningsþarfar.

Fjölskyldu- og frístundanevnd er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagnið er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann að hafa stofnað til í tengslum við þjónustuna sé um beingreiðslusamning að ræða.

IV. kafli **Eftirlit og upplýsingaskylda**

13. gr. **Skyldur notanda**

Notandi skal halda yfirlit um fjölda vinnustunda sem hann hefur notað. Hann skal einnig halda utan um vinnuáætlanir og tímaskrár, afrit greiddra reikninga og önnur gögn sem máli kunna að skipta við framkvæmd notendasamnings.

Þegar um beingreiðslusamning er að ræða gerir notandi ráðningarsamninga og annast greiðslu launa, stendur skil á launatengdum gjöldum og öðrum opinberum gjöldum, veitir fræðslu til aðstoðarfólks, gengur frá starfslokum aðstoðarfólks og færir rekstrarbókhald.

Notandi skal skila Hvalfjarðarsveit mánaðarlega yfirliti um hve margar vinnustundir hafa verið nýttar. Notanda er skylt að fenginni beiðni að veita fjölskyldu- og frístundanevnd upplýsingar um tímaskrár, vinnuáætlanir og ráðningarsamninga.

Notanda ber að upplýsa sveitarfélagið ef upp koma erfiðleikar við að nýta vinnustundir eða annast umsjón greiðslna skv. beingreiðslusamningi.

Þegar notendasamningur rennur úr gildi skal notandi skila inn yfirliti yfir fjölda nýtttra vinnustunda og ráðstöfun fjármagns ef um beingreiðslusamning er að ræða ásamt öðrum þeim upplýsingum sem máli kunna að skipta við framkvæmd notendasamningsins.

Einu sinni á ári skal ársuppgjör unnið miðað við 31. desember og skal því skilað til fjölskyldu- og frístundanevndar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Í ársuppgjörinu skal koma fram sundurliðun á vinnustundum og ráðstöfun samningsfjárhæðar ef um beingreiðslusamning er að ræða.

Það fjármagn, sem ekki hefur verið notað á tímabilinu, skal í lok árs skilað í heild sinni til Hvalfjarðarsveitar. Ljúki samningi aðila fyrr skal ársuppgjöri skilað 20 dögum eftir að síðustu launagreiðslur til aðstoðarfólks hafa verið inntar af hendi samkvæmt samningi aðila sem er að ljúka.

Skilyrði fyrir beingreiðslusamningi er að starfsemin fari í öllu að gildandi lögum, reglugerðum og opinberum fyrir mælum um rekstur og starfsemi fyrirtækja.

14. gr. **Skyldur fjölskyldu- og frístundanevndar Hvalfjarðarsveitar**

Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar fer með ábyrgð á eftirliti með notendasamningum.

Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar ber ekki ábyrgð á rekstrarniðurstöðu eða fjárhagslegu tapi umsækjanda. Fjölskyldu- og frístundanevnd getur skoðað bókhald og skal notandi vera til aðstoðar við skoðunina, meðal annars með því að leggja fram allar nauðsynlegar upplýsingar. Notandi getur haft sinn eigin endurskoðanda viðstaddan við skoðunina.

Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar skal tilkynna notanda um atriði, t.d. lagabreytingar, reglugerðarbreytingar eða breytingar á skipulagi og innihaldi þjónustunnar sem almennt má ætla að skipt geti máli varðandi framkvæmd samnings aðila og taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru af þessum sökum svo unnt sé að efna samninginn.

Starfsfólk félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar skal veita upplýsingar varðandi ferli umsókna um notendasamninga ásamt því að veita ráðgjöf og stuðning eftir því sem við á.

Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar mun á gildistíma reglnanna meta framgang og gæði þjónustunnar með hliðsjón af markmiðum og upplifun notenda.

V. kafli

Vanefndir og uppsögn samnings

15. gr.

Uppsögn notendasamnings

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er einn mánuður og skal tilkynna gagnaðila um uppsögn með skriflegum hætti.

16. gr.

Vanefndir notendasamnings

Verði uppi ágreiningur milli fjölskyldu- og frístundanevndar Hvalfjarðarsveitar annars vegar og notanda hins vegar skal leitast við að jafna þann ágreining. Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar getur krafist þess að notandi bæti úr vanefndum á eigin kostnað. Vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr. Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar skal setja hæfilegan tímafrest fyrir því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem fjölskyldu- og frístundanevnd tilgreinir, getur það krafist þess að notandi greiði þann kostnað sem af hlýst til að koma að nauðsynlegum úrbótum.

17. gr.

Endurgreiðslur vegna beingreiðslusamnings

Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar ber að gæta þess að fjármagni beingreiðslusamnings sé ráðstafað á tilætlaðan máta og skal krefja notanda um endurgreiðslu fjármagns sem honum hefur verið úthlutað eða hluta af því, sé sýnt fram á að eitthvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a) Fjármagnið að hluta til eða í heild hefur ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b) Fjármagnið nýtt á annan hátt en kveðið er á um í samningi aðila.
- c) Ákvæðum samningsins hefur ekki verið fylgt.

Getur fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar endurkafið notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar skal þó sjá til þess að ekki verði rof á þjónustu til notanda.

Komi til ofgreiðslu ber umsækjanda að endurgreiða mismuninn innan 14 daga frá tilkynningu um ofgreiðslu.

18. gr.

Riftun

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift notendasamningi fyrirvaralaust. Falla þá niður mánaðarlegar greiðslur ef um beingreiðslusamning er að ræða.

Trúnaðarrestur í samstarfi og gjaldþrot eða greiðslustöðvun notanda teljast ávallt til verulegra vanefnda og réttmæt ástæða fyrirvaralausrar riftunar.

Notendasamningur sem gerður er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu notanda fellur þá þegar úr gildi og getur fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar endurkrafíð notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Í þeim tilvikum sem beingreiðslusamningi er rift stöðvast greiðslur frá Hvalfjarðarsveit þegar í stað.

Fjölskyldu- og frístundanevnd Hvalfjarðarsveitar ber að sjá til þess að riftun samnings valdi notanda eins lítilli röskun og mögulegt, ekki verði rof á þjónustu við notanda og tryggja að lögbundin þjónusta við notanda hefjist tafarlaust.

19. gr.

Uppsögn á samningi

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er þrjú mánuðir. Uppsagnarfrestur hefst fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var sannanlega tilkynnt gagnaðila með formlegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda, ef við á.

Við andlát notanda ber Hvalfjarðarsveit að greiða umsamda samningsfjárhæð í allt að þrjú mánuði, þó aldrei lengur en gildistími þessa samnings kveður á um.

IV. kafli

Málsmeðferð

Sbr. ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40-1991 og ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

20. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um hefur borist.

Taka skal ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

21. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og siðareglur

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Starfsmenn eru bundnir trúnaði og skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um persónulega hagi notanda og fara með allar upplýsingar sem þeir fá sem trúnaðarmál. Starfsmenn skulu skrifa undir þagnarheit. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

Starfsmönnum er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá umsækjendum eða aðstandendum þeirra.

22. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskyldu- og frístundanefndar Hvalfjarðarsveitar.

Fjölskyldu- og frístundanefnd Hvalfjarðarsveitar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til nefndarinnar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskyldu- og frístundanefnd skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

23. grein

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða reglna þessara og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

24. gr.

Áfrýjun

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun starfsmanna félagsþjónustu um afgreiðslu umsóknar til fjölskyldu- og frístundanefndar Hvalfjarðarsveitar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskyldu- og frístundanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldu- og frístundanefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun nefndarinnar.

25. gr.

Endurupptaka

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla umsóknar hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á aðstæðum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

26. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskyldu- og frístundanefnd Hvalfjarðarsveitar 06.10.2021. Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 12.10.2021 og taka gildi þann sama dag.